



Flokkun í Reykhólahreppi

Leiðbeiningar til íbúa



Kæru íbúar,

Nú hefjum við innleiðingu á nýju samræmdu flokkunarkerfi í takt við breytingar á lögum meðhöndlun úrgangs. Fjórir úrgangsflokkar eiga nú að vera við hvert heimili, bæði í þéttbýli og dreifbýli:

Pappír og pappi

Matarleifar

Plast

Blandaður úrgangur

Þetta þýðir að íbúar fá fleiri tunnur til flokkunar og verður þeim dreift í lok nóvember samhliða losun á grænni tunnu. Íbúar í þéttbýli fá tvær 360 ltr tunnur fyrir annars vegar plast og hins vegar pappi. Íbúar í dreifbýli fá eina 360 ltr tunnu fyrir plast. Málmur fer nú ekki lengur í heimilistunnu, heldur má skila honum á endurvinnslusvæðið á Reykhólum sem eru lúgurnar við söfnunarstöðina. Það sama gildir um gler. Öðrum úrgangi má, eins og áður, skila á endurvinnslusvæðið á Reykhólum. Allar tunnur verða merktar með nýjum samræmdum flokkunarmerkingum.

**Íbúafundur verður haldinn til að kynna þessar breytingar
mánudaginn 25. nóvember nk. kl. 17:30 í Reykhólaskóla.**

Endurvinnslustöð

Endurvinnslustöðin á Reykhólum er til söfnunar á málmum, gleri og textíl. Öðrum flokkum má einnig skila á svæðið.

Málmar: Litlir og hreinir málmhlutir eins og niðursuðudósir, krukkulok og sprittkertakoppar.

Gler: Hrein ílát og flöskur úr gleri. Tappar og krukkulok mega ekki fara með gleri heldur skal flokka með plasti og málmum eftir því sem við á.

Textíll: Allur textíll eins og fatnaður, skór, lín og efnisbútar. Þarf að vera hreint, þurrt og í lokuðum plastpoka.

Dagblöð	Bylgjupappi
Tímarit	Fernur
Umslög	Umbúðir úr sléttum pappa
Minnismiðar	Morgunkornspakkar
Bækur án harðkápu	Pappahólkar
Skrifstofupappír	Pizzakassar
Annar prentpappír	Eggjabakkar

Óhreinar umbúðir, handþurrkur, servíettur eða
munndurrkur, bökunarpappír, pakkabönd, möppur,
bókakápur.

Plastpokar	Áleggsbréf
Plastbakkar	Plastfilma
Hreinsiefnabrúsar	Plastlok
Skyrdósir	Plasttappar

Óhreinar umbúðir, leikföng með rafhlöðum, raftæki,
geisladiskar, tannburstar, plastmöppur, frauðplast,
lyfjaspjöld, umbúðir undan spilliefnum.

Matarleifar



Matarleifar falla til í eldhúsum heimila og fyrirtækja. Eingöngu má nota bréfpoka fyrir þennan úrgangsflokk. Matarleifum er umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu.

Ávextir	Pasta
Grænmeti	Kartöflur
Brauð	Eggjaskurn
Kaffikorgur	Tannstönglar
Kjöt- og fiskafgangar	Servíettur



Má ekki fara

Bleyjur, sláturúrgangur, fuglshamir, stór bein, dýrasaur, kattasandur, ryksugupokar, eyrnapinnar.

Blandaður úrgangur



Óhreinar umbúðir og annað óendurvinnanlegt.

Bleyjur	Kattasandur
Tyggjó	Dýrasaur
Ryksugupokar	Eyrnapinnar
Bökunarpappír	Bómullarhnoðrar
Stór bein	



Má ekki fara

Spilliefni, raftæki, rafhlöður.

Frekari flokkunarleiðbeiningar og upplýsingar um innleiðingu á flokkunarkerfinu má finna á vefsíðu sveitarfélagsins www.reykholar.is